

7. fundur

Þriðjudaginn 18. nóvember 2025 kom stjórn og varastjórn saman til fundar á skrifstofu félagsins og hófst hann kl 17.30.

Mætt voru: Bryndís Björk Barkadóttir, Claudia Lobindzus, Halldór Óli Kjartansson, Agnes Reykdal, Anna Hafdís Jóhannesdóttir, Stefán Jónsson, Hulda Björnsdóttir og Eiður Stefánsson.

Dagskrá:

1. Upplýsingar frá formanni.
 - a. Eiður upplýsir stjórn um að Katrín Briem hafi verið kosin í stjórn ASÍ – UNG á síðasta þingi.
 - b. Nokkrir stjórnarmeðlimir sátu þing LÍV en á því þingi var Eiður Stefánsson formaður FVSA kosinn formaður LÍV og Hulda kosin í varastjórn LÍV.
 - c. Eiður kemur með tillögu um að breyta lögum um kosningu í trúnaðarráði. Verður skoðað á næsta fundi.
 - d. Stjórnarmenn fá smá innsýn í nýtt kerfi sem félagið er að taka upp en það kallast Total og kemur í staðinn fyrir það kerfi sem hefur verið í notkun hjá félaginu í fjölda mörg ár og heldur utan um orlofs- og félagakerfi.
 - e. Eiður óskar eftir leyfi stjórnar til að gera smávægilegar breytingar á því hvernig félagsmenn geta bókað sér orlofshús í nýja kerfinu. Stjórn samþykkir þessar breytingar.
2. Formaður fór yfir 6 mánaða uppgjör félagsins.
3. Velferðarsjóður Eyjafjarðar óskaði eftir styrk fyrir jólaúthlutun 2025. Stjórn samþykkir styrk að upphæð kr. 750.000.-
4. Framboð orlofshúsa verður það sama og síðasta ár. Fjöldi orlofstyrkja verður sá sami og í fyrra en upphæð hækkar í kr. 30.000.- Formaður kemur með tillögur af leigverði orlofshúsa. Stjórn samþykkir þær tillögur.
5. Önnur mál
 - a. Óskað eftir fólki í skemmtinefnd fyrir árlega fiskikvöld félagsins sem verður þann 16. janúar 2025.
 - b. Stefán og Halldór Óli segja frá stöðunni hjá uppstillingarnefnd. Listinn er langt kominn og á góðu róli.

Fleira ekki gert og fundi slitið.